

# SKÝRSLA STJÓRNAR 2004-2005

## 1. Stjórn og félagar

Stjórn Stéttarfélags verkfræðinga (SV) síðastliðið starfsár skipuðu:

✗	Hulda Guðmundsdóttir	formaður
✗	Sveinbjörg Sveinsdóttir	varaformaður
✗	Arnar Gestsson	fráfarandi formaður
✗	Baldur Grétarsson	gjaldkeri
✗	Sigurður E. Guttormsson	ritari
✗	Eysteinn Einarsson	meðstjórnandi
✗	Ásberg Ingólfsson	meðstjórnandi
✗	Jóhanna Harpa Árnadóttir	varamaður
✗	Kristján M. Ólafsson	varamaður

Úr stjórn ganga Eysteinn Einarsson, Kristján M. Ólafsson, Arnar Gestsson og Ásberg Ingólfsson. Arnar gefur kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn til næstu tveggja ára og Eysteinn til eins árs. Stjórnin færir Kristjáni og Ásbergi sérstakar þakkir fyrir óeigingjarnt og dyggilegt starf fyrir félagið.

Alls hlutu 57 félagar inngöngu í félagið á árinu 2004. Úrsagnir úr félaginu voru 7, 39 voru teknir af félagaskrá vegna vangreiddra árgjalda og 4 inngöngubeiðnum var frestað vegna ónógra gagna.

Skipting félagsmanna er sú að 174 félagar vinna á verkfræðistofum, 256 hjá ríki, 76 hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum, 398 á almennum markaði og 55 félagar eru í námi og erlendis og því ekki fullborgandi. Alls eru því um 931 félagsmaður í SV.

## 2. Framkvæmdastjóri og rekstur

Árni B. Björnsson er framkvæmdastjóri félagsins og Margrét Hólmsteinsdóttir er bókarí og störfuðu þau bæði allt árið í fyrra. Árni stýrir daglegum rekstri félagsins og situr stjórnarfundum félagsins sem og fundum á vegum nefnda félagsins. Margrét sinnir bókhaldi og innheimtumálum og almennum skrifstofustörfum.

Samstarf SV og Verkfræðingafélagsins hefur verið að aukast stig af stigi og er samstarf félaganna mjög gott. Þessi aukna samvinna leiðir óneitanlega til hagræðingar og bættrar þjónustu við félagsmenn félaganna.

## 3. Samninganefndir

### Samninganefnd við ríki

Í samninganefnd SV við ríki sátu:

✗	Helga R. Eyjólfsdóttir, formaður
✗	Elín G. Guðmundsdóttir
✗	Gísli Georgsson
✗	Steingrímur Jónsson
✗	Sveinn Víkingur Árnason

Gildandi kjarasamningur við ríki rann út þann 30. nóvember 2004. Samninganefndin vann að gerð nýs kjarasamnings sem skrifað var undir hann þann 9. mars 2005. Kynningarfundur um

Samninginn var haldinn 16. mars 2005. Samningurinn var síðan samþykktur af félagsmönnum í atkvæðagreiðslu með miklum meirihluta.

## Samninganefnd við Reykjavíkurborg

Í samninganefnd SV við Reykjavíkurborg sátu:

- ✍ Bjarni Guðmundsson formaður
- ✍ Auður Ólafsdóttir
- ✍ Rúnar S. Svavarsson
- ✍ Sigurbjörn Búi Sigurðsson
- ✍ Árni Ísberg varamaður

Gildandi kjarasamningur rennur út þann 30. nóvember 2005. Samninganefndin er að hefja vinnu við gerð nýs kjarasamnings.

## Samninganefnd við FRV

Í samninganefnd við Félag ráðgjafarverkræðinga sátu:

- ✍ Ragnar Hauksson
- ✍ Jónas Már Gunnarsson
- ✍ Eysteinn Einarsson, formaður

Nýr kjarasamningur var samþykktur í byrjun desember 2004 og tók hann gildi 1. janúar 2005 og gildir til 31. des 2007.

## Launanefnd sveitarfélaga

Lítil vinna var hjá nefndinni á síðasta ári.

## 4. Útgáfumál

### Heimasíðan

Á heimasíðunni er aðgangur að miklu magni upplýsinga og er heimasíðan öflugur fréttamiðill félagsins. Stefnt er að frekari nýtingu miðilsins með því að gera heimasíðuna gagnvirka.

### Verktækni

Eins og undanfarin ár var Verktækni gefið út í samvinnu við VFÍ og TFÍ. Sigrún S. Hafstein er ritstjóri blaðsins. Laun ritsjóra og aðstaða er fjármögnuð með beinum framlögum frá félögunum þremur. Prentvinnslufyrirtækið Grafík sér um prentvinnslu og dreifingu blaðsins og er sá hluti útgáfunnar fjármagnaður með auglýsingum sem Grafík sér um að selja.

Í ritnefnd eru :

- ✍ Sveinbjörg Sveinsdóttir formaður, fyrir SV
- ✍ Ólafur Pétur Pálsson fyrir VFÍ
- ✍ Árni Þór Árnason fyrir TFÍ

### Bæklingar

Bæklingur um Sjúkrasjóðinn var gefinn út á síðasta starfsári og sendur til félagsmanna í Sjúkrasjóðnum.

### Orlofssjóður

Sumarbæklingi Orlofssjóðsins sem er á heimasíðu SV hefur verið breytt mikið. Í bæklingnum eru myndir, kort, upplýsingar og gagnvirkir tenglar á þá stað sem verið er að leigja út.

## 5. Kjarakannanir

Fastur liður í starfsemi félagsins er gerð og útgáfa kjarakönnunar einu sinni á ári. Könnunin er gerð á vefnum. Kjarakönnun 2005 er enn í gangi og vonast er til að hún skili góðri þátttöku. Góð þátttaka tryggir áreiðanlegri niðurstöður um kaup og kjör og þar með betri upplýsingar til stéttarinnar um samanburðarkjör. Útgáfa launatöflu stéttarfélagsins er einn af hornsteinum starfsins og hefur löngum sannað gildi sitt. Upplýsingarnar í töflunni byggja á kjarakönnuninni ásamt nokkrum öðrum könnunum og kjarasamningum.

Markaðslaunataflan er eitt beittasta vopn stórs hluta félagsmanna í sókn að bættum kjörum. Hún nýtist sérstaklega vel meðal þeirra félagsmanna SV sem starfa á almennum markaði, en fyrir þann hóp gerir félagið ekki almenna kjarasamninga.

FRV könnun var gerð árið 2004 og var svörun við henni mjög góð eða tæplega 60 %.

## 6. Norrænt samstarf

### NIL 41

Dagana 1. og 2. nóvember 2004 var haldinn norrænn fundur um kjaramál verkfræðinga. Þetta er árlegur samráðsfundur og var hann að þessu sinni haldinn í Kaupmannahöfn. Fyrir hönd SV sóttu fundinn Hulda Guðmundsdóttir formaður og Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri.

Á fundinn mæta fulltrúar frá öllum verkfræðingafélögum á Norðurlöndum. Að þessu sinni sóttu einnig fundinn fulltrúar félaga tæknifræðinga en ákveðið hefur verið að svo verði einnig í framtíðinni. Af hálfu KTFÍ sóttu fundinn að þessu sinni Bjarni Bentsson, formaður og Jón Ísaksson Guðmann varaformaður. Á NIL fundi mæta þeir starfsmenn norrænu félaganna sem hafa með samningamál og kjaramál að gera. Kynntar eru nýjungar í starfi félaganna og farið yfir starfsemina á liðnu ári.

## 7. Kynningarmál

### Nemar í HÍ

Stjórn SV ákvað að halda námskeið fyrir nemendur í HÍ sem eru að fara út á vinnumarkaðinn. Námskeiðið var haldið í október 2004 og fór Árni B. Björnsson framkvæmdastjóri yfir þróun og horfur á vinnumarkaði verkfræðinga, Lára V. Júlíusdóttir lögfræðingur félagsins kynnti lögfræðiaðstoð sem félagið veitir sínum félagmönnum og Stefán Halldórsson framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs verkfræðinga fór yfir lífeyrissjóðsmál og kynnti starfsemi og þjónustu Lífeyrissjóð verkfræðinga.

Framadagar voru haldnir í Háskóla Íslands í febrúar 2005 og tók SV þátt í þeim ásamt VFÍ.

Formaður og framkvæmdastjóri heimsóttu verkfræðinema í HÍ í mars 2005 og kynntu félagið og þjónustu þess. Fundurinn var vel sóttur og voru verkfræðinemar mjög áhugasamir að fræðast um starfsemi SV.

### Nemar í DTU í Kaupmannahöfn

Í tengslum við NIL fundinn í Kaupmannahöfn í nóvember 2004 héldu formaður og framkvæmdastjóri kynningarfund í Kaupmannahöfn fyrir nema í framhaldsnámi í verkfræði í DTU. Fundurinn var mjög vel sóttur og mættu tæplega 30 manns. Mikill áhugi kom fram hjá nemendum að fræðast um þjónustu og starfsemi félagsins og að hverju er að hyggja þegar farið er út á vinnumarkaðinn.

## Norðurlandsdeild verkfræðinga og tæknifræðinga

Í byrjun mars fóru formaður og framkvæmdastjóri SV á fund Norðandeildar verkfræðinga (VFÍ) og tæknifræðinga (TFÍ) á Akureyri ásamt fulltrúum frá VFÍ og TFÍ. Starfsemi SV var kynnt ásamt stöðu kjaraviðræðna við ríkið sem þá var rétt ólokið.

## 8. Samstarf við önnur félög.

### ENSÍM nefnd

Fulltrúi SV í ENSÍM nefndinni er Ragnar Hauksson.

### Stéttarfélag tölvunarfræðinga

SV hefur í rúm 4 ár séð um rekstur Stéttarfélags tölvunarfræðinga (ST). Nú eru um 40 tölvunarfræðingar í ST.

### Félag Tæknimanna Landsvirkjunar

Í apríl 2004 var skrifað undir samning við Félag Tæknimanna Landsvirkjunar um rekstur félagsins og eru nú um 45 félagsmenn í félaginu en af þeim eru milli 5-10 þegar í SV.

### VFÍ og TFÍ

Á síðasta starfsári var unnið áfram að því að skoða hugsanlega sameiningu félaganna þriggja, SV, VFÍ og TFÍ, í eitt stórt og öflugt félag. Í október 2004 skipuðu félögin þrjú, hvert um sig tvo fulltrúa í nefnd til að gera tillögu að uppbyggingu og skipulagi eins sameiginlegs félags í stað þessara þriggja félaga.

Í upphafi árs 2005 lagði nefndin síðan fram tillögur að uppbyggingu nýs félags og hvernig nefndarmenn teldu skynsamlegast að sameina félögin. Hafin er kynning á þessum hugmyndum og verða þær til umfjöllunar hjá félögum áður en ákvörðun verður tekin, sem verður væntanlega síðar á árinu 2005. SV stefnir á að halda kynningarfund fyrir sína félagsmenn á niðurstöðum sameiningarnefndarinnar þann 27. apríl 2005.

Á starfsárinu tók SV þátt í nokkrum samráðsfundum með VFÍ og TFÍ.

## 9. Orlofsmál

Nú er hafið áttunda starfsár Orlofssjóðs Stéttarfélags verkfræðinga. Heldur hefur hægt á fjölgun umsókna frá ári til árs og má ætla að í framtíðinni verði fjölgunin í samræmi við fjölgun félagsmanna í Orlofssjóðnum, en mikill og vaxandi áhugi er á starfsemi sjóðsins.

Vert er að geta þess að félagar í orlofssjóðnum eru allir félagsmenn stéttarfélagsins sem greitt er fyrir í sjóðinn. Í sjóðinn er nú greitt fyrir verkfræðinga hjá ríki og Reykjavíkurborg og sveitarfélögum auk flestra á almennum markaði að undanskildum verkfræðistofum, nema í undartekningartilfellum.

Orlofssjóðurinn á tvo bústaði og eru þeir staðsettir í landi Hraunborga í Grímsnesi. Annar bústaðurinn var tekinn í notkun 2001 en hinn var tekinn í notkun í júní 2003. Allir aðrir gistimöguleikar sem sjóðurinn býður upp á eru leigðir af utanaðkomandi aðilum og áframleigðir til félagsmanna.

## 10. Lögfræðiaðstoð

SV greiddi kr. 1.870.000 í lögfræðiaðstoð á árinu. Lögfræðiaðstoð til félagsmanna er einn af hornsteinum starfsemi félagsins. Því miður þurfti mikill fjöldi félagsmanna á slíkri aðstoð að halda á starfsárinu. Kom þá oft berlega í ljós hve gríðarlega mikilvægur bakhjarl SV er.

## 11. Stefnumótun

Á síðasta starfsári var unnið að framkvæmd stefnumótunar félagsins til ársins 2008. Þar kom fram sú framtíðarsýn að félagið verði virkur aðili í ímyndarsköpun verkfræðinga framtíðarinnar, að störf verkfræðingar njóti meiri viðurkenningar og að launapróun verði í takt við það. Skýrslu um stefnumótunina, framtíðarsýn, núverandi stöðu, stefnu, leiðir og markmið er að finna á vef félagsins. Meðal þeirra atriða sem stefna á að, er að :

### ✎ **SV haldi úti öflugum kynningarstarfi, bæði gagnvart eigin félögum og til ímyndarsköpunar út á við.**

Kynningar voru haldnar á starfsárinu fyrir verkfræðinema bæði hérlendis og erlendis. Heimasíðan er öflugur kynningarmiðill og gangabanki. Verktækni er notað af krafti af SV og er þar fjallað um málefni sem snerta kjara- og réttindamál verkfræðinga.

Morgunblaðið hefur einnig vitnað beint í greinar í Verktækni og tekið viðtal við framkvæmdastjóra félagsins um ýmis málefni, t.d. Vistarbönd.

### ✎ **Verkfræðingar njóti aukinnar viðurkenningar og launapróun þeirra verði í takt við það og kynjabundinn launamunur hverfi.**

Það markvissa kynningarstarf sem SV heldur úti á eðli starfs verkfræðinga, áróðri meðal félagsmanna um gildi sí- og endurmenntunar, hvatningu til nýútskrifaðra verkfræðinga að sækja sér löggildingu starfsheitis, hvatningu að stunda kjarabaráttu og fara í launaviðtöl, stuðlar allt að því að verkfræðingar njóti aukinnar virðingar og að launapróun þeirra verði í takt við það.

SV hefur hafið viðræður við Samtök atvinnulífsins um gerð staðlaðs ráðningarsamnings sem verkfræðingar á almennum markaði gætu stuðst við þegar þeir ráða sig til vinnu.

Stjórn SV er einnig að safna að sér efni um Vistarbönd í öðrum löndum og ætlar að undirbúa, stuðla að og hvetja til gerð lagasetningar um málið.

#### **Námskeið í samningatækni fyrir konur**

Stjórn SV ákvað að halda sérstakt námskeið í samningtækni fyrir konur til að stuðla að því að kynjabundinn launamunur hverfi. Námskeiðið var haldið í janúar 2005. Námskeiðið var vel heppnað og tóku 20 konur þátt. Ósk kom fram hjá þátttakendum að það verði einhvers konar eftirfylgni á námskeiðinu, t.d. í formi fundar eða málstofu og er það til skoðunar hjá stjórn SV.

### ✎ **Rekstur SV sé traustur og gegnsær félagsmönnum.**

Markmið SV er að :

- Aðhalds sé gætt í rekstri og samræmi verði í tekjum og gjöldum félagsins.
- Félagsgjöld endurspegli þjónustustig félagsins á öllum tímum.

Á síðasta starfsári hefur bókhaldskerfi félagsins verið endurnýjað og var klárað að flytja bókhaldið yfir í Navision Financials úr Fjölni og kláraðist skömmu fyrir aðalfundinn. Með þessu nýja kerfi verður skilvirkni og gegnsæi bókhaldsins eins og best verður á kosið. Endurskoðaðir reikningar félagsins og allra sjóða eru birtir á aðalfundum.

Unnið hefur verið að fjölgun félaga til að auka tekjur og hefur það tekist þökkalega, bæði með fjölgun í SV og með rekstri á Félagi tæknimanna Landsvirkjunar og Stéttarfélagi tölvunarfræðinga. Hefur það leitt til þess að hægt hefur verið að halda félagsgjöldunum í SV óbreyttum undanfarin ár.

Aðhalds er gætt í rekstri og eins og sést á reikningum félagsins í ár þá skilar félagið hagnaði, þó rekstraráætlunin hafi áætlað tap á rekstri ársins.

## 12. Önnur starfsemi SV

### Sjúkrasjóður SV

SV hefur um árabil rekið sjúkrasjóð fyrir félag sína. Sjóðurinn er mjög öflugur tryggingarsjóður fyrir verkfræðinga á almennum markaði og er sjóðaíld háð því að vinnuveitendur greiði lögbundið iðgjald til sjóðsins.

Í stjórn sjóðsins en í henni eru:

- ✂ Daði Jóhannesson
- ✂ Kristján M. Ólafsson
- ✂ Sigurður E. Guttormsson

### Fjölskyldu- og styrktarsjóður SV

Fjölskyldu- og styrktarsjóður SV er eins konar sjúkrasjóður fyrir verkfræðinga sem starfa í opinbera geiranum. Stjórninni var falið að útbúa reglur um starfsemi hans og voru þær samþykktar á starfsárinu.

Í stjórn sjóðsins eru:

- ✂ Baldur Grétarsson
- ✂ Auður Ólafsdóttir
- ✂ Hafsteinn Pálsson

### Vísinda- og starfsmenntunarsjóður, Starfsmenntunarsjóður.

Starfsemi sjóðanna var mjög öflug á árinu og hlutu 85 verkfræðingar vilyrði um styrk úr sjóðunum.

Vísinda- og starfsmenntunarsjóður er rekinn fyrir verkfræðinga hjá ríkinu og Starfsmenntunarsjóður fyrir verkfræðinga hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum. Verið er að kanna aðild verkfræðinga starfandi á almennum markaði að slíkum sjóðum.

## 13. Niðurlag

Að lokum vil ég þakka samstarfsmönnum mínum í stjórn SV ánægjulegt samstarf á árinu sem og öllum þeim sem hafa starfað fyrir félagið. Starfsemi SV hefur eflst mjög á undanförunum árum og er SV orðið öflugt félag sem kappkostar við að veita félagsmönnum sínum góða þjónustu. Það er stefna stjórnar SV að halda félagsgjöldum lágum en auka tekjur með fjölgun félaga, bættri innheimtu og aðhaldi í rekstri.

Fyrir hönd stjórnar Stéttarfélags verkfræðinga

Hulda Guðmundsdóttir  
Formaður stjórnar SV.

# A1. Yfirlit yfir starfsemi SV 2004 – 2005

